



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Margþætt áætlun




Hvað er aðalskipulag?

Í aðalskipulagi er sett fram stefna um þróun borgarinnar til langrar framtíðar. Í aðalskipulagi er ákveðið hvar íbúðarhverfin og atvinnusvæðin eiga að vera, hvar nýjar götur og stígar liggja, hvaða svæði verða tekin frá til útivistar og hvaða svæði á að vernda. Með aðalskipulagi eru sköpuð skilyrði fyrir áframhaldandi vexti borgarinnar og sýnt fram á hvernig yfirvöld ætla að mæta væntanlegri fjölgun íbúa og starfa. Með lagalega bindandi áætlun um landnotkun og innviðaskipulag til langs tíma er skapað aukið gegnsæi og fyrirsjáanleiki í ákvarðanatöku um fjárfestingar og framkvæmdir.

Aðalskipulag fjallar þó ekki eingöngu um hvar megi byggja og hversu mikið, heldur einnig um mótun og yfirbragð nýrri og eldri byggðar, almenningsryma og opinna svæða. Hvers konar hverfi viljum við skapa? Hvaða ferðamáta viljum við styrkja? Hvaða svæði viljum við vernda? Hvernig tryggjum við umhverfisgæði og aukum aðdráttarafli borgarinnar fyrir nýja íbúa og fyrirtæki? Hvernig við getum gert Reykjavík að enn betri borg, horft jafnt til byggðarinnar, samfélagsins og náttúrunnar?

Öll gögn eru á reykjavik.is/adalskipulag, sjá einnig reykjavik.is/skipulagssja




Sérstaða Kjalarness

„En það er einnig orðið tímabært að horfa til nýtingar lands utan vaxtarmarkanna og endurmeta stefnu um landbúnaðarsvæði, opin svæði í jaðri byggðar og almennt þróun skipulags á Kjalarnesi og er áformað að ráðast í þá vinnu á næstunni. Í þeirri aðalskipulagsvinnu verður m.a. horft til nýtingar landbúnaðarsvæða, efnistöku, skógræktar, útivistarsvæða, landslagsverndar, náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og kolefnisspors landnotkunar. Við móttöku tillagna verður stefna borgarinnar í loftslagsmálum lögð til grundvallar, auk þess sem horft verður til áherslna sem koma fram í endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu ríkisins, stefnu borgarinnar um Græna netið og líffræðilegan fjölbreytileika, Græna planinu, svo og sérstakri stefnumótun um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi.“ (AR2040, 15)

Skipulag Grundarhverfis og nágrenni verði unnið samhliða gerð hverfisskipulags


„Kjalarnesið hefur mikla sérstöðu sem eina landbúnaðar- og dreifbýlissvæðið innan Reykjavíkur. Kjalarnes afmarkast af Leirvogsa í suðri, Kiðafellsá og Hvalfirði í norðri og hábungu Esju og Skálafells í austri. Það er um 161 ferkílómetri að stærð og nær því yfir rúmlega helming af heildarflatarmáli Reykjavíkur. Leiruvogur, Kollafjörður, Hofsvík og Hvalfjörður ganga inn úr Faxaflóa, og Álfsnes, Brimnes og Kjalarnes ganga út í flóann. Landslag á Kjalarnesi einkennist af vogskornum ströndum og undirlendi á nesjunum og landinu undir hlíðum Esju sem rís í 914 m hæð til austurs og norðurs og er eitt helsta kennileiti svæðisins og Reykjavíkur. Esjan gegnir æ mikilvægara hlutverki við útivist á höfuðborgarsvæðinu“



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040

Sveitarfélagsuppráttur

Uppfærð aðalskipulagsáætlun byggir á þeirri sýn og stefnumörkun sem samþykkt var með A.R. 2010–2030 og tók gildi í febrúar 2014



Aðalskipulag 2040, sérstök breyting Kjalarnes og dreifbýl svæði

Grundarhverfi og þróun þéttbýlis á Kjalarnesi.

Þéttbýliskjarninn í Grundarhverfi verði eflður og gerður sjálfbærari. Hugað verði að afmörkun þéttbýlis og umfangi íbúðarbyggðar (ÍB), þjónustu og annarrar landnotkunar, í samhengi við undirbúning hverfisskipulags á svæðinu.

Landbúnaðarsvæði. Reglur um landnýtingu og uppbyggingu á bújörðum verði endurmetnar á grundvelli stefnu vinnuhóps um landbúnaðarstefnu, greiningar á gæðum ræktarlands og með hliðsjón af kolefnisspori opins lands. Leiðarljósið er að stuðla að fjölbreyttum uppbyggingarmöguleikum á bújörðum, á grundvelli sjálfbærrar landnýtingar.

Skógrækt, endurheimt landgæða og kolefnispor opins lands.

Settar verði frekari leikreglur um skógrækt á bújörðum og landbúnaðarsvæðum og á öðru opnu landi, Sérstaklega verði horft til skipulagsákvæða sem gilda um Græna trefilinn, afmörkun hans og landgæða til skógræktar og hvernig skógrækt getur stuðlað að breytingum á staðbundnu veðurfari. Stefna um skógrækt, endurheimt landgæða og endurheimt votlendis verður mótuð á grundvelli upplýsinga um kolefnisbúskap opins lands.

Útivistarsvæði og svæði með verndargildi. Stefna um helstu útivistarsvæða rýnd og endurmetin, s.s. í Esjuhlíðum og Skálafelli. Einnig verði skipulag skilgreindra göngu- og reiðleiða endurmetið. Mótaðar verða tillögur að vernd einstakra svæða á grundvelli náttúrfarsgreiningar og minjaskráningar.

LANDNOTKUN

- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Miðsvæði (M) (sjá kafla 6 og mynd 9)

SAMGÖNGUR

- Mislæg gatnamót*
- Akstursbrú/undirgöng
- Göngubrú/undirgöng¹


Markmið aðalskipulagsbreytingar

- Virða sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar
- Styrkja Grundarhverfi og nágrenni sem þungamiðju borgarhlutans; með fjölgun íbúa, fjölgun atvinnutækifæra, eflingu þjónustu og fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum; með skýrri framtíðarsýn sem sett er fram í hverfisskipulagi fyrir Grundarhverfi og næsta nágrenni
- Þróun og uppbygging á landbúnaðarsvæðum verði í samræmi við markmið jarðalaga og markmiða um sjálfbæra þróun. Stuðlað verði að aukinni fjölbreytni í ræktun, matvælaframleiðslu, atvinnustarfsemi, tómstundabúskap og búsetu.
- Skerpa á skilgreiningum landnotkunar og setja fram skýrari sýn um þróun atvinnusvæða
- Tryggja betra aðgengi almennings að svæðum með útivistargildi
- Skilgreina nánar svæði sem hafa sérstakt verndargildi og vernda í samræmi við viðeigandi lagaákvæði
- Stuðla að nýtingu lands sem styður við markmið borgar og ríkis um kolefnishlutleysi árið 2040. Stuðlað verði að landnotkun og nýtingu sem miðar að því að lágmarka losun og hámarka möguleika til bindingar.

Megin tilgangur breytingartillagna er að herða á framfylgd gildandi megin markmiða um Kjalarnesið og önnur svæði utan megin þéttbýlis borgarinnar og skerpa á skilgreiningum landnotkunar

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 Álfsnes, atvinnusvæði

Þróun atvinnusvæða, Álfsnes. Iðnaðar- og athafnasvæði á Álfsnesi og við Esjumela vestan Vesturlandsvegjar verði endurmetin hvað varðar afmörkun og umfang. Meðal annars verði hugað að landþörf Sorpu vegna áforma um hringrásargarð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Sundabraut, sérbreyting og umhverfismat

Sérhæfð atvinnusvæði


Hafnarumái



Kynningar- og afgreiðsluferli (drög)

Hér að neðan er aðeins gerð grein fyrir helstu skrefum í mótun breytingartillagna, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum:

- Áherslur og fyrirkomulag endurskoðunar kynnt með verk- og matslýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslag og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana,). Verk- og matslýsing verður auglýst í fjölmiðlum, send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg á vef borginnar. Gefinn verður ákveðinn frestur á að koma með ábendingar og athugasemdir. [Júní -ágúst 2023](#).
- Drög að breytingartillögum ásamt drögum að umhverfisskýrslu, kynnt opinberlega (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana). Haldinn verður opinn fundur sem auglýstur verður í fjölmiðlum. Drögin verða send áður til skilgreindra hagsmunaaðila. Drögin verða gerð aðgengileg á vefnum áður en kemur til opinberrar kynningar. [Nóvember2023- Febrúar 2024](#)
- Samþykkt tillaga, ásamt umhverfisskýrslu, send til athugunar hjá Skipulagsstofnun og send til kynningar hjá Umhverfisstofnun og öðrum hagsmunaaðilum eftir atvikum. [Maí 2024](#)
- Aðalskipulagsbreyting, ásamt umhverfisskýrslu, auglýst og óskað formlega eftir athugasemdum. Breytingartillögur kynntar í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga nr. 105/2006). [Júní 2024](#)
- Afgreiðsla tillögu að lokinni auglýsingu. [September 2023](#)



Vinnuhópur / stýrihópur settur á stofn


Opinn íbúafundur til að ræða áherslur í væntanlegum aðalskipulagsbreytingum

Sértæk verkefni:

- Fullnaðarskráning menningarminja
- Hættumat vegna ofanflóða
- Flokkun landbúnaðarlands eftir gæðum
- Mat á vistgæðum (endurheimt) og kolefnisbinding
- Skógræktaráætlanir
- Grundarhverfi og hverfisskipulag

Skotæfingasvæði á Álfsnesi

Gildandi ákvæði



Skotfélag Reykjavíkur (SR) er með aðstöðu á utanverðu nesinu og er starfsemi þess einkum innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útvistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er austan svæðis SR, í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis, en einkum á veghelgunarsvæði Sundabrautar og útvistarsvæðinu OP28.


Vegna framtíðarlandnotkunar hafa ekki verið forsendur til festa skotvellinga í sessi

Í gildandi aðalskipulagi er almenn heimild um að mögulegt sé að gefa út starfsleyfi til skotfélaganna til skemmri tíma litið.

Að mati UÚA er það ekki fullnægjandi heimild og starfsleyfi hafa því verið felld úr gildi

Skotæfingasvæði á Álfsnesi


Tímabundin landnotkun



- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþróttá höfuðborgarsvæðinu.
- Að skapa tímabundna landnotkunarheimild og skilgreina núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi sem íþróttasvæði (ÍÞ) til skemmri tíma litið.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Skotæfingasvæði á Álfsnesi – drög

Tímabundin landnotkun



„Starfsemi skotæfinga og skotípróttasvæðis (ÍP9), sbr. mynd 21 til skemmri tíma eða til ársloka og verður hægt að gefa út starfsleyfi vegna þeirrar starfsemi í samræmi við það. Staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið, og þá í mögulegu samstarfi við önnur skotfélög á höfuðborgarsvæðinu, verður til athugunar næstu misseri í samráði við viðeigandi aðila. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa ákveðnari forsendur í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skotæfingasvæði á Álfsnesi – verklýsing / drög tillögu

**AÐALSKIPULAG
REYKJAVÍKUR
2040**


**Skotæfingasvæði
á Álfsnesi**

Tímabundin landnotkunarhelmið
um íþróttasvæði (ÍÞ)

**Lýsing skipulagsgerðar,
umhverfismat og drög
að tillögu**

Lagt fram sbr. 1–2. mgr 30. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010

Mars 2023



Umsagnaraðilar	Hagaðilar
Íbúaráð Kjalarness	Íbúasamtök Kjalarness
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	Sorpa
Kópavogsbær	Björgun
Garðabær	Veitur
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skotfélag Reykjavíkur
Seltjarnarneskaupstaður	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Mosfellsbær	Skotíþróttasamband Íslands
Kjósarhreppur	Skotvís
Bláskógabyggð	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Grímsnes- og Grafningshreppur	Íbúar og landeigendur á áhrifasvæði skotæfingasvæðis
Ölfushreppur	
Skipulagsstofnun	
Umhverfisstofnun	
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
Minjastofnun	
Faxaflóahafnir	
Vegagerðin	
Náttúrufræðistofnun Íslands	
Borgarsögusafn	

Samþykkt til kynningar sbr. 1 – 2. mgr 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010